



## 4. fundur í aðalstjórn Aftureldingar miðvikudaginn. 19.sept. 2018

---

Haldinn á skrifstofu Aftureldingar að Varmá kl. 18:15

Mætt: Birna Kristín Jónsdóttir (BJ), Krístrún Kristjánsdóttir (KK), Sigurður Rúnar Magnússon (SM), Geirarður Long (GL), Þórdís Sveinsdóttir (PS) Gunnar Guðjónsson (GG), Jón Júlíus Karlsson (JK) framkvæmdastjóri og Hanna Björk Halldórsdóttir (HH) íþróttafulltrúi.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Fréttir af skrifstofu

Birna fór yfir þá fjölda viðburða sem hafa verið á dagskrá af hálfu félagsins á undanförunum vikum. Starfsfólki hrósað fyrir vel unnin störf. Starf félagsins fer vaxandi og sérstaklega í kringum bæjarhátíðina. Hanna Björk fór yfir starfið af á skrifstofu síðustu vikur. Mikil vinna hefur verið við skráningu á leikjum. Vetrastarfið komið á fullt. Upp hafa komið ýmis mál tengd stundatöflu sem þarf að leysa en að öðru leyti hefur haustið farið ágætlega af stað. Umræða fór fram um “Aftureldingarrútu” og koma slíkri rútu á legg líkt og þekkest hjá öðrum íþróttafélögum í samstarfi við Mosfellsbæ. Efla þarf samgöngur fyrir iðkendur Aftureldingar í ört stækkandi sveitarfélagi. Framkvæmdastjóra falið að hefja þá umræðu við Mosfellsbæ.

### 2. Ný gólf að Varmá

Birna upplýsti að búið væri að boða til fundar vegna gólfefna að Varmá þann 1. október næstkomandi. Vilji hjá bæjaryfirvöldum til að skipta um gólfefni á báðum íþróttasölum. Umræða fór fram um málið. Ákveðið að óska eftir umsögn frá öðrum íþróttafélögum sem nýlega hafa skipt um gólfefni til að fá nánari upplýsingar um málið. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir þeim upplýsingum.

### 3. Samningaviðræður við Mosfellsbæ

Mosfellsbær hefur sent inn nýtt tilboð til Aftureldingar vegna samstarfssamning sem rann út 31. desember 2017. UMFA mun senda inn gagntilboð.

### 4. Knattþús að Varmá

Birna og Krístrún fóru á fund Mosfellbæjar þar sem staða mála var kynnt. Samningsútbóði lokið og þremur tilboðum var skilað. Beðið er eftir niðurstöðu úr því af hálfu Mosfellsbæjar. Afturelding mun óska eftir ítarlegri kynningu þegar niðurstaðan liggur fyrir.

### 5. Búningamál félagsins

Samningur við Aftureldingar við Errea mun renna út 30. september næstkomandi. Þann 1. október er stefnt að því að hefja samstarf við JAKO. Búið er að ákveða línu fyrir utanyfirfatnað en ekki hefur enn náðst sátt um keppnistreyju. Aðalstjórn lýsir yfir áhyggjum með að ekki sé enn komin niðurstaða í málið. Ekki verður skirfað undir samning við JAKO fyrr en sátt ríkir um keppnistreyju. Framkvæmdastjóra falið að ræða við JAKO sem er með málið í ákveðnum farvegi.

### 6. Fjármálafulltrúi Aftureldingar

Starf fjármálafulltrúa Aftureldingar var auglýst í ágúst sl. Alls sóttu 7 einstaklingar um starfið. Ráðninganefnd skipuð Jóni Júlíusi framkvæmdastjóra, Sigurði Rúnari gjaldkera og Geirarði Long stjórnarmanni voru sammála

um að mæla með einum umsækjenda í starfið. Aðalstjórn samþykkti þá tillögu og verður gengið frá ráðningu á næstu dögum. Framkvæmdastjóra falið að ljúka því máli.

Fundi slitið kl 20.30

Jón Júlíus Karlsson

(sign).